



Árvakur/Golli

Þokkafullar „Styttur hennar njóta sín vel í forsal Kjarvalsstaða,“

Ástúð og innileiki

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

Verk eftir Nínu Sæmundsson, listaverkagjöf Ríkisráðgjöf Ríkisráðgjöf

Til 6. apríl. Opíó daglega kl. 10-17. Aðgangur ókeypis.

ÁRIÐ 2004 færði Ríkey Ríkisráðgjöf, náinn ættingi Nínu Sæmundsson, Listasafni Reykjavíkur listaverkagjöf, ellefu verk eftir listakonuna. Nú má sjá allar þessar myndir samankomnar í forsal Kjarvalsstaða. Fremst í flokki er stytta Móðurást, sem er mörgum kunn, en hún var fyrsta listaverk eftir konu, sem sett var upp í almenningsrými í Reykjavík. Stytta var gerð á þriðja áratugnum og fékk þá heiðursess á haustsýningunni í París þar sem Nína dvaldi á þeim tíma. Margir kannast eflaust líka við stytta af Nonna við Nonnahús á Akureyri sem Nína gerði á sjötta áratugnum.

Nína var frumkvöðull íslenskra kvenna í höggmyndalist. Hún lærði í Kaupmannahöfn en bjó lengst af í Bandaríkjunum þar sem hún vann verk í anda raunsæis en oft byggð á goðsögum, trúarlegum sögum og menningararfnum. Hún naut ekki mikillar hylli hérlendis og þegar hún

flutti heim á sjöunda áratugnum voru aðrar áherslur ríkjandi í myndlistinni. Að einhverju leyti hafði Nína einangrast frá þróun listarinnar í Evrópu. Ef til vill hefði Nína notið meira samfélagslegrar hefð hún verið á ferð með stytta sínar og málverk nú, þegar meiri fjölbreytni ríkir innan myndlistarinnar og allt er leyfilegt. Ekki síst myndi listamaður sem ynni portrettmýndir af helstu Hollywood-stjörnum samtímans njóta frægðar á Íslandi í dag, og er það til marks um breytta tíma.

Verkin ellefu sýna megináherslurnar í list Nínu. Móðurást og Bedúinakona á bæn standa hinum nokkuð framar og eru bæði þokkafull og sannfærandi. Hin verkin eru flest án titils og ártals, brjóstmyndir og þrír hausar án titils. Tvær myndir sýna ástina, innilegar brjóstmyndir af fadmlagi karls og konu.

Tæpast er hér hægt að tala um heildstæða sýningu en þó er um að ræða ágætt sýnishorn af verkum Nínu. Styttur hennar njóta sín vel í forsal Kjarvalsstaða, þær gæða almenningsrýmið innileika og njóta sín vel í dagsbirtunni sem leikur um þær.

Ragna Sigurðardóttir

Sett á pásu

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús

Þögn, samsýning, Finnbogi Pétursson, Finnur Arnar Arnarsson, Haraldur Jónsson, Harpa Árnadóttir, sýningarstjóri JBK Ransu

★★★★☆

Til 27. apríl. Opíó 10-17 alla daga, og til kl. 22 á fim. Aðgangur ókeypis.

ÞEMASÝNINGAR eru áhugaverð fyrirbæri og auðvelda oft aðgengi áhorfenda að listaverkum samtímans. Þær geta verið unnar á ýmsa vegu, stundum velur sýningarstjórninn verk á sýningu, en oft er það listamaðurinn sjálfur sem annaðhvort á þegar verk sem er áhugavert innlegg í umræðuna eða þá að verk hans almennt falla að þeirri rannsókn sem sýningin snýst um.

Sú er raunin á sýningunni Þögn sem nú má sjá í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, þar sem myndlistarmaðurinn og gagnrýnandinn JBK Ransu bregður sér í hlutverk sýningarstjóra og leggur út af hugleiðingum um þögn. Hann hefur valið fjóra listamenn er í list sinni hafa á einhvern máta fengist við eða birt hugtakið þögn, beint eða óbeint. Í sýningarskrá fjallar Ransu um mikilvægi þagnarinnar í samtíma sem er stúftullur af áreitum svo erfitt er að fá frið, og ættu flestir að kannast við það. Þögn í þessu samhengi má einnig nefna hugarró eða kyrrð, ástand sem gerir okkur kleift að nema staðar og ekki bara horfa og hlusta, heldur sjá og heyrja. Það er einmitt þetta sem sýningin Þögn snýst um, að fá áhorfandann til að nema staðar, vera til með því sem þar er að sjá. Listaverkin snúast tæpast um það að draga fram birtingarmyndir þagnarinnar, heldur gera áhorfandanum kleift að finna þögnina í sjálfum sér.

Á endavegg sýnir Haraldur Jónsson lágmynd, svartan fleka úr hljóð-einangrandi efni í formi gólfplatar safnsins sjálfs, og heldur þar áfram á nótum sem hann hefur unnið með



Morgunblaðið/Valdís Thor

Þögn „Veggverk Finnboga Péturssonar fær áhorfandann til að upplifa tímann og augnablikkið á finlegan hátt,“ segir gagnrýnandi í umsögn sinni.

undanfarið. Veggverkið er stórt og þungt og hefur tilhneigingu til að vera yfirþyrmandi, það ýtir ekki undir sjálfsprottna þögn heldur verða efniseiginleikar þess til að minna á hina dálítið yfirþyrmandi lotningu sem t.d. má sjá í höggmyndum Einars Jónssonar. Veggverk Finnboga Péturssonar fær áhorfandann til að upplifa tímann og augnablikkið á finlegan hátt, þar sem hann birtir myndir af ytri, sjónræna veruleika safnsins með aldagömlum lögmálum, hér nær áhorfandinn að finna fyrir sjálfum sér á hreyfingu í stað og stund. Finnur Arnar Arnarson sýnir innsetningu sem er í anda fyrri verka hans þar sem hann sýnir verksummerki einhvers sem er liðið, en hann dvaldi í safninu um stundarsakir. Innsetning hans er nokkuð flókin og margræð, einna

líkast því að um nokkur aðskilin verk sé að ræða. Einföld mynd Hörpu Árnadóttur svífur síðan yfir höfðum áhorfenda og kallast á við regnvotar rúður safnsins sem ramma inn götumyndina fyrir utan.

Sýningin kallast skemmtilega á við sýningu þá sem sjá má á Listasafni Akureyrar nú um stundir þar sem verk listamanna eru sett í samhengi búddisma með hugleiðingum um tómið og formið, en þar á Finnbogi Pétursson einnig verk. Í heildina býður hún upp á forvitnilegan rannsóknarleiðangur sem hver og einn skilgreinir best fyrir sjálfum sér og má ætla að hún nái þannig markmiðum sínum sem eru hógvæð og lágstemmd en á sama tíma brýn og aðkallandi.

Ragna Sigurðardóttir



Árvakur/Kristinn Ingvarsson

Trausti Þór Sverrisson „Þetta er músík í svoltið gamaldags stásstofustíl sem minnir á gömlu Vínarvalsanna,“

Hlustarinn

Innan seilingar eru tvær nýlegar geislaþötur sem gott er að grípa til þegar tóm gefst á milli auglýstra dagskrárlíða í útvarpinu. Það fylgir starfinu að maður hlustar gjarnan á músík í smáskömmum og gefur sér sjaldan tíma til að njóta verka í heild sinni. Fyrstu íslensku sönöturnar voru gefnar út á geislaþötu fyrir í vetur, sönötur fyrir fiðlu og píanó eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Karl. O. Runólfsson, Fjölmi Stefánsson og Jón Nordal sem Rut Ingólfsdóttir og Richard Simm leika, vönduð útgáfa og vel úr garði gerð. En hún minnir mann á hve íslensk tónlistarútgáfa hefur verið brotakennnd og tilviljunarkennd og hvað þar er margt óunnið. Svo er alveg víst að fleiri en ég kunna að meta upphaldslögin íslensku sem hljómsveitin L'amour fou gaf út á plötu 2005 í útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar sem leikur á selló í þeim góða kvintett. Þetta er músík í svoltið gamaldags stásstofustíl sem minnir á gömlu Vínarvalsanna, stíl sem varð fyrir áhrifum frá tangó- og dægurtónlist og varð gríðarvinsæll á kaffihúsum betri borgara í Mið-Evrópu. Tónlistin er tilfinningaþrungin og býr yfir töfrum þegar vel er spilað, af gleði og hlýju eins og hér. Þau mega gjarnan gefa út meira af svo góðu.

Trausti Þór Sverrisson útvarpsþulur



Árvakur/Kristinn Ingvarsson

Hrefna Haraldsdóttir „Umfjöllunarefnið eru sígild og brýn, það er fjallað um samskipti persóna við ólíkar aðstæður,“

Lesarinn

Síðasta bókin sem ég las er *Afleggjarinn* eftir Auði A. Ólafsdóttur. Þetta er sérstök og vel skrifuð bók um ungan íslenskan garðyrkjumann sem dvelur í litlu fjallaþorpi á ótilgreindum stað í útlöndum. Þar vinnur hann að uppbyggingu klausturgarðs og glímur við flóknar tilvistarspurningar. Sagan er rómantísk, falleg og fyndin en líka sorgleg og tregafull. Mér finnst höfundinum takast vel að skapa áhugaverðar og skýrar persónur og sambönd. Litla fjallaþorpið verður al-

veg ljóslifandi í myndrænum lýsingum Auðar; þar er kyrrlát og hljótt og lífið í föstum skorðum, fólk er gott, maturinn og veðrið. Inn í söguna fléttast svo skemmtilega ýmis brot úr kvikmyndum, myndlist, matargerð og rósarækt. Umfjöllunarefnið eru sígild og brýn, það er fjallað um samskipti persóna við ólíkar aðstæður, bræðra, feðga og ekki síst feðgina og bókin fjallar líka um ástina í fjölmörgum myndum og uppeldi í víðasta skilningi. *Afleggjarinn* er táknrænn titill og hæfir vel efninu.

Hrefna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík